



Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

**Afgreiðslubréf: Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bráðaaðgerðir í málefnum barna á leikskólaaldri**

Á fundi borgarstjórnar þann 21. mars 2023 var samþykkt með tuttugu atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Flokks fólksins gegn atkvæði borgarfulltrúa Vinstri grænna að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Borgarstjórn samþykkir eftirfarandi bráðaaðgerðir í málefnum barna á leikskólaaldri: Í fyrsta lagi að hrint verði í framkvæmd stefnu í málefnum dagforeldra sem reist er á tillögum í skýrslu dags. maí 2018; í öðru lagi að farið verði í samningaviðræður við sjálfstætt starfandi leikskóla um að fjölga leikskólaplássum með ýmsum hætti, svo sem með möguleikum á stækkun á starfsemi þeirra með útibúi leikskólanna og/eða svokölluðum ævintýraborgum/færanlegum kennslustofum á lóðum þeirra leikskóla þar sem því verður við komið. Í þriðja lagi að framkomnar tillögur um foreldrastyrk/heimgreiðslur verði samþykktar; í fjórða lagi að farið verði strax í tilraunaverkefni í þeim hverfum þar sem leikskólavandinn er mestur og komið á laggirnar fimm ára deildum í grunnskóla þar sem kennsla fer fram á forsendum leik- og grunnskólans. Öllum aðgerðum samkvæmt ofangreindu verði lokið eigi síðar en 1. september 2023. Til að hrinda aðgerðunum í framkvæmd verður fimm manna aðgerðarhópur settur á laggirnar sem samanstendur m.a. af einum fulltrúa frá fagfélagi dagforeldra og einum fulltrúa frá sjálfstætt starfandi leikskólum. Hinir þrjú fulltrúar hópsins skipi einstaklingar innan og utan stjórnkerfisins sem hafa fagþekkingu á sviði áætlanagerðar, samningagerðar, fjármála og leikskólamála. Hópurinn taki til starfa sem fyrst en hann heyrir beint undir skóla- og frístundaráð borgarinnar.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um bráðaaðgerðir í málefnum barna á leikskólaaldri er sett fram til að bregðast við því neyðarástandi sem blasir við í leikskólamálaum. Tillöguflutningurinn byggir á breyttum áherslum og nýjum lausnum til að fjölga dagvistunarúrræðum. Tillagan myndi efla dagforeldrakerfið, fjölga plássum í sjálfstætt starfandi leikskólum, tryggja heimgreiðslur til foreldra og hefja undirbúning að nýstárlegu tilraunaverkefni svo að fimm ára börn í þeim hverfum þar sem staðan er verst geti hafið nám í grunnskóla. Í stað þess að samþykkja tillöguna og koma einstökum þáttum hennar til framkvæmda sem fyrst hefur tillögunni, að frumkvæði meirihlutans, verið vísað til skóla- og frístundaráðs. Ákjósanlegra hefði verið fyrir borgarstjórn að taka efnislega afstöðu til tillögunnar. Með því hefði verið lýst yfir að mæta þurfi hagsmunum barna og foreldra strax. Að þessu leyti er niðurstaðan vonbrigði, sérstaklega að teknu tilliti til þess að síðan haustið 2019 hefur meðalaldur barna sem hefur í fyrsta skipti inngöngu í borgarreknum leikskólum verið yfir 20 mánaða og ekki er útlit fyrir annað en að meðalaldurinn verði hærrí næstkomandi haust. Þessi staða er í hróplegu ósamræmi við síendurtekin loforð Samfylkingarinnar í aðdraganda síðustu þrenna borgarstjórnarkosninga 2014-2022.



Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn í borgarstjórn hefur undanfarin ár unnið jafnt og þétt að því að bæta og efla umgjörð leikskólastarfs í borginni. Fyrst með því að tryggja í samningum samkeppnisfær laun starfsfólks, með fjölmörgum aðgerðum til að bæta starfsumhverfi leikskólakennara og annars starfsfólks og skapa umgjörð fyrir fjölskylduvænni vinnustöðum til að stuðla að meiri stöðugleika í starfsmannahaldi. Vandí leikskólans, ekki síst viðvarandi manneklu, má rekja til afdrifaríkra ákvarðana Alþingis að frumkvæði menntamálaráðuneytis árið 2008 þegar kennaranámið var lengt úr þremur árum í fimm sem leiddi til alvarlegs skorts á fagfólki sem enn hamlar leikskólastarfi í landinu. Húsnæðisvandi í eldri leikskólum borgarinnar hægir tímabundið á aðgerðum til að lækka inntökualdur barna en uppbyggingin heldur áfram á fullri ferð og eftir metár í fyrra þar sem um 600 ný pláss urðu til stefnir í aðra metfjölgun á næstu 12-16 mánuðum og opnun 6 nýrra leikskóla víðs vegar um borgina. Meirihlutinn mun áfram vinna að fjölbreyttum lausnum til að koma til móts við foreldra, þ.m.t. efla dagforeldrakerfið og leita leiða til að lækka útgjöld barnafjölskyldna samhliða því að þrýsta á lengingu fæðingarorlofs.

Borgarfulltrúar Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tillaga Sjálfstæðisflokksins er fjórþætt. Sósíalistar telja að liður nr. 1 og nr. 3 um eflingu dagforeldrakerfisins og heimgreiðslur eigi að fá nánari skoðun og komast til framkvæmda sem fyrst til að mæta stöðu barnafjölskyldna sem nú eru í erfiðri stöðu. Fulltrúar sósíalista áréttá mikilvægi þess að nauðsynlegt er að efla leikskólastig borgarinnar á öllum stigum, hækka þarf laun leikskólastarfsfólks og tryggja góðar starfsaðstæður þannig að allt sé til staðar sem þörf er á. Hagræðingartillögur meirihlutans vegna fjárhagsáætlunargerðar árið 2023 gera ráð fyrir niðurskurði í tækjapotti leikskólanna. Borgaryfirvöld eru þannig ekki að styrkja leikskólaumhverfið eins og svo sannarlega er þörf á. Á meðan borgin vinnur að framtíðarsýn sem ekki gengur að koma á laggirnar, sýn sem snýst um að tryggja börnum á ákveðnum aldri dvöl á leikskóla, verður að mæta barnafjölskyldum á þeim stað sem þau eru. Þannig telja sósíalistar að heimgreiðslur geti létt á stöðu einhverra foreldra sem eru í slæmri stöðu vegna þess að ekki hefur verið staðið við fyrirheit. Fulltrúar sósíalista telja ekki að breyta eigi aldri vegna grunnskólainntöku til þess að stytta bið eftir leikskólaplássi. Sósíalistar greiða ekki atkvæði með heildartillögum þar sem ekki er hægt að styðja alla liði tillögunnar.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Neyðarástand ríkir í leikskólamálum Reykjavíkurborgar. Loforð um leikskólapláss hafa ítrekað verið svikin. Leikskólaplássum hefur fækkað. Til stendur að loka alls 25 af 67 leikskólum næsta skólaár. Foreldrar eru í áfalli og miklir erfiðleikar blasa við þeim. Nú ríkir neyðarástand í leikskólamálum. Aldrei hafa borgarbúar, foreldrar verið sviknir af neinum meirihluta svo gróflega eins og hér hefur átt sér stað. Við þetta þurfa borgarbúar að búa í önnur þrjú ár. Flokkur fólksins krefst þess að meirihlutinn endurskoði forgangs röðun sína hið snarasta og setji barnafjölskyldur og þar með leikskólamál í algeran forgang. Hætta á strax við öll áform um endurgerð Grófarhúss og Lækjartorgs og með því endurskoða fjárhagsáætlun í ljósi neyðarástandsins. Leggja þarf meira fé til leikskólamálanna, viðgerðir á hibýlum leikskóla vegna myglu, lagfæra laun og minnka álag (með því að fjölga starfsfólki) til að laða fólk til starfa. Flokkur fólksins hefur lagt sitt af mörkum til að bæta þennan málaflökk. Tillögur eins og heimgreiðslur/styrki getur verið einn valmöguleiki í því úrræðaleyti sem nú ríkir. Eins lagði Flokkur fólksins til að verulegar umbætur yrðu gerðar á dagforeldrakerfinu til að mæta þessu ástandi. Ekkert hefur gerst í þessum málum hjá meirihlutanum nema kannski fundað. Hvergi er að sjá áþreifanlegar úrbætur.

Borgarfulltrúi Vinstri grænna lagði fram svohljóðandi bókun:



## Reykjavíkurborg

Þær bráðabirgðalausnir sem hér eru lagðar til eru ekki hugsaðar til hlítar og munu ekki gagnast leikskólastiginu eða betrubæta umönnun ungra barna. Lausnirnar felast ekki í að þenja út dagforeldrakerfið, úthýsa leikskólastarfi til einkaaðila eða koma 5 ára börnum í grunnskólana. Vandí leikskólastigsins er fyrst og fremst mönnunarvandi sem tekur tíma að leysa. Á meðan verður borgin að staldra við og endurhugsa umgjörð loforða sinna og endurmeta hvort raunhæft sé að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskólans að öllu óbreyttu.

  
Helga Björk Laxdal  
e.u.

Hjálagt:  
Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

## **Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bráðaaðgerðir í málefnum barna á leikskólaaldri**

Borgarstjórn samþykkir eftirfarandi bráðaaðgerðir í málefnum barna á leikskólaaldri:

Í fyrsta lagi að hrint verði í framkvæmd stefnu í málefnum dagforeldra sem reist er á tillögum í skýrslu dags. maí 2018 (SFS2018010109);

Í öðru lagi að farið verði í samningaviðræður við sjálfstætt starfandi leikskóla um að fjölga leikskólaplássum með ýmsum hætti, svo sem með möguleikum á stækkun á starfsemi þeirra með útibúi leikskólanna og/eða svokölluðum ævintýraborgum/færanlegum kennslustofum á lóðum þeirra leikskóla þar sem því verður við komið.

Í þriðja lagi að framkomnar tillögur um foreldrastyrk/heimgreiðslur verði samþykktar;

Í fjórða lagi að farið verði strax í tilraunaverkefni í þeim hverfum þar sem leikskólavandinn er mestur og komið á laggirnar fimm ára deildum í grunnskóla þar sem kennsla fer fram á forsendum leik- og grunnskólans.

Öllum aðgerðum samkvæmt ofangreindu verði lokið eigi síðar en 1. september 2023. Til að hrinda aðgerðunum í framkvæmd verður fimm manna aðgerðarhópur settur á laggirnar sem samanstendur m.a. af einum fulltrúa frá fagfélagi dagforeldra og einum fulltrúa frá sjálfstætt starfandi leikskólum. Hinir þrjú fulltrúar hópsins skipi einstaklingar innan og utan stjórnkerfisins sem hafa fagþekkingu á sviði áætlanagerðar, samningagerðar, fjármála og leikskólamála. Hópurinn taki til starfa sem fyrst en hann heyrir beint undir skóla- og frístundaráð borgarinnar.

### **Greinargerð**

Hinn 14. mars sl. var plássum í leikskólum Reykjavíkurborgar úthlutað vegna haustsins 2023. Þetta var hinn svokallaði stóri úthlutunardagur leikskólaplássanna í borginni. Niðurstaða þess ferlis var fyrirsjáanleg með tilliti til meðaldurs barna við inngöngu í borgarreknum leikskólum, þ.e. hann mun ekki fara lækkandi, þvert á móti mun hann sjálfsagt hækka. Til samanburðar liggur fyrir að frá haustinu 2019 til haustsins 2022 hefur meðalaldur barna verið yfir 20 mánaða sem hófu í fyrsta skipti inngöngu í borgarreknum leikskólum.

Tölur um meðalaldur barna sem hefja inngöngu í leikskóla eru í hróplegu ósamræmi við loforð ráðandi flokks í Borgarstjórn Reykjavíkur síðan 2010, þ.e. Samfylkingarinnar. Síðasta svikna loforð flokksins í málaflokknum var sett fram í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna 2022 þar sem kjósendum var lofað að öll 12 mánaða börn fengju inngöngu í leikskóla frá og með 1. september 2022.

Það er í ljósi þessara sviknu kosningaloforða og brostinna væntinga kjósenda að tillaga um bráðaaðgerðir í málefnum barna á leikskólaaldri er sett fram.

Við mat á efni tillögunnar verður til þess að líta að síðan 24. maí 2016 hefur verið að störfum stýrihópur í borgarkerfinu sem í daglegu tali er nefndur „brúum bilið“ hópurinn. Verkefni þess hóps hefur aðallega verið að leita lausna á því hvernig brúa eigi bil foreldra milli fæðingarorlofs og leikskóla. Í þeirri vinnu allri hefur verið lögð höfuðáhersla á að stækka hið borgarreka

leikskólakerfi, bæði með því að fjölga leikskólabyggingum og fá sem flesta til að starfa í kerfinu. Á meðan hefur t.d. dagforeldrum fækkað úr því að vera 204 haustið 2015 (689 börn í vistun) niður í 98 haustið 2022 (371 barn í vistun) og eru nú dagforeldrar 86.

Vandinn við þessa einhæfu nálgun á viðfangsefnið hefur m.a. verið sá að ástand margra leikskólabygginga hefur reynst ófullnægjandi, t.d. hafa mygluvandræðin í leikskólum verið umtalsverð. Við það hafa leikskólaplássum fækkað og því hafa nýrisin mannvirki í þágu hins borgarrekna leikskólakerfis ekki skilað þeim árangri sem til hefur verið ætlast. Einnig hefur gengið erfiðlega að laða að nægjanlegan fjölda starfsfólks í borgarrekna leikskólakerfinu. Þótt gripið hafi verið til ýmissa aðgerða til að bæta starfsaðstöðu og laða að fólk til starfa, þá er það óumdeilt að langvarandi mannekluvandi er víða í leikskólum borgarinnar.

Umfang vandamála sem tengjast rekstri hins borgarrekna leikskólakerfis eru þess eðlis að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að bráðalausnir á fyrirliggjandi vanda barna og foreldra verði ekki fundnar þar. Af þessum ástæðum eru tillögurnar sem hér eru lagðar fram reistar að mestu leyti á atriðum sem standa utan hins opinbera kerfis.

### **Dagforeldrakerfið**

Fyrsta atriðið lýtur að eflingu dagforeldrakerfisins en vorið 2018 kom út skýrsla á vegum starfshóps Reykjavíkurborgar sem bar heitið Endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar. Í skýrslunni voru lagðar fram tillögur til að bæta hlut þeirra sem starfa innan dagforeldrakerfisins í höfuðborginni. Pólítískan vilja skorti hins vegar til að hrinda þeim umbótum í framkvæmd. Svo þegar krísan í leikskólamálu borgarinnar varð áberandi sl. ágúst hristi núverandi meirihluti borgarstjórnar fram úr ermi sinni tillögur til að styrkja dagforeldrakerfið, sbr. t.d. minnisblað skóla- og frístundasviðs til borgarráðs, dags. 30. september 2022. Síðan þá hefur lítið sem ekkert verið gert í málefnum dagforeldrakerfisins.

Þessi fyrsti liður tillögunnar felur hins vegar í sér að borgarstjórn taki af skarið og hrindi í framkvæmd nauðsynlegum umbótum til að dagforeldrakerfið geti eflist og stækkað, svo sem með því að Reykjavíkurborg útvegi leiguhúsnæði svo að dagforeldrar eigi auðveldara með að starfa tveir saman, niðurgreiðslur til dagforeldra hækki verulega, aðstöðu- og stofnstyrkir verði hækkaðir og aukinn verði faglegur stuðningur við dagforeldra.

### **Fjölgun plássá í sjálfstætt starfandi leikskólum**

Annað atriðið lýtur að því að farið verði strax í samningaviðræður við sjálfstætt starfandi leikskóla með það að markmiði að fjölga leikskólaplássum. Reykjavíkurborg styðji þá sjálfstætt starfandi leikskóla sem hafa hug á og getu til að koma upp færanlegum kennslustofum á lóðum sínum. Jafnframt standi sjálfstætt starfandi skólum til boða laust húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar ef þeir hafa áhuga á að opna útibú sinna skóla. Þessir kostir verði liður í að fjölga plássum hratt og örugglega á meðan neyðin gengur yfir.

### **Heimgreiðslur strax**

Þriðja atriðið varðar tillögur sem komið hefur verið fyrir í ranni borgarráðs og eru þar til vinnslu. Ótækt er að þær tillögur dagi þar uppi sem nátttröll. Þess vegna á borgarstjórn, við breyttar aðstæður, að taka þá ákvörðun að hefja heimgreiðslur án tafar til foreldra ungra barna, að vissum skilyrðum uppfylltum. Þetta úrræði fæli í sér að foreldrar barna 12 mánaða og eldri sem ekki hafa fengið leikskólavist gætu sótt um heimgreiðslur þangað til börnin fái pláss á leikskóla. Úrræðið hefur gefist vel í þeim nágrannasveitarfélögum sem hafa boðið upp á heimgreiðslur. Slíkt úrræði yrði liður í fjölbreyttum lausnum við þeim mikla vanda sem leikskólinn er kominn í.

### **Nýstárlegt tilraunaverkefni**

Fjórða atriðið felur í sér nýstárlegt tilraunaverkefni sem hefði það m.a. að markmiði að losa um pláss á leikskólunum og gæti orðið stór liður í að stytta biðlista og lækka aldur barnanna við inntöku í leikskóla. Nánar tiltekið yrðu settar á laggirnar deildir fyrir fimm ára börn við grunnskóla í þeim hverfum þar sem staðan er verst og þar sem aðstæður leyfa. Námið yrði á forsendum leik- og grunnskólans þar sem kennt yrði í gegnum leik. Grunnþættir menntunar eru þeir sömu í aðalnámskrá grunn- og leikskóla og eiga að fléttast inn í allt nám nemenda. Fimm ára bekkur í grunnskóla tæki þannig mið af blönduðu kerfi þar sem stuðst yrði við kennsluaðferðir beggja skólastiga.

Nauðsynlegt er að vinna við þennan valkost hefjist sem fyrst þannig að hægt verði að bjóða upp á þennan kost frá og með nk. hausti svo hægt verði að fjölga plássum og stytta biðlista.

### **Aðgerðarhópur**

Í því skyni að hægt sé að koma tillögnum í verk er lagt til að stofnaður verði fimm manna aðgerðarhópur þar sem í eiga m.a. sæti fulltrúar dagforeldra og sjálfstætt starfandi skóla. Þessi hópur myndi í samráði við þar til bæra aðila í borgarkerfinu hrinda tillögunni í framkvæmd. Hópurinn skili skóla- og frístundaráði framvinduskýrslu á reglulegum fundum ráðsins tvisvar í mánuði.